

Málsnr.: R18030074
Skjalasafn Ráðhúss
29. apríl 2019
Bréfalykill: 5800



Reykjavíkurborg
B.t. Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 24. apríl 2019
Tilv.: SRN19040039/3.3

Til upplýsinga sendist hjálagt erindisbréf stýrihóps um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Arndís D. Arnardóttir".

Arndís Dögg Arnardóttir



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033

Inngangur:

Þann 21. september 2018 var undirrituð [viljayfirlýsing](#) um viðræður um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og framkvæmdastjórum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Í viljayfirlýsingunni var sammælst um að stefna að sjálfbær, kolefnishlutlausu borgarsamfélagi og öflugri almenningssamgöngum í takt við loftslagsáætlun stjórnvalda og áherslur sveitarfélaganna. Viljayfirlýsingin byggði m.a. á skýrslu viðræðuhóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2018 um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Hlutverk:

Stýrihópnum er falið að móta tillögur til ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaga á svæðinu um næstu skref í uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu og fjármögnun þeirra.

Hópurinn skal m.a. vinna tillögur út frá fyrilliggjandi hugmyndum um framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og skýrslu viðræðuhóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2018 um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í þeirri skýrslu er að finna samkomulag um tillögu að stofnframkvæmdum á vegum og uppbyggingu innviða vegna Borgarlínu til næstu 15 ára. Í skýrslunni var gert ráð fyrir framkvæmdum upp á samtals 95 milljarða króna, sem verða 102 milljarðar króna að teknu tilliti til nýrra áætlana um gerð ganga undir Setberg í Hafnarfirði.

Markmið og helstu verkefni:

Markmið viðræðnanna er að ná samkomulagi um fjármögnun 102 milljarða fjárfestingaráætlunar í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu eða um 7 milljarða á ári í 15 ár. Stýrihópurinn skal leggja fram beinar tillögur um forgangsröðun og fjármögnun einstakra framkvæmda og verkefna, nánar tiltekið eftirfarandi:

- Taka afstöðu til þess hvernig samvinnu um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu verður háttáð, skilgreina ábyrgð, ábyrgðaraðila og verkefnastjórn vegna helstu verkefna og skiptingu áhættu.
- Setja fram tímasetta áætlun um nauðsynlegar skipulagsbreytingar fyrir helstu framkvæmdir höfuðborgarpakkans í samræmi við fyrilliggjandi framkvæmdaáætlun.
- Meta möguleika á að fjármagna verkefnið að hluta með ábata af þróun lands ríkisins á höfuðborgarsvæðinu og þá einkum Keldnalands. Verði slikt talið vænlegt verður skipaður sérstakur hópur til að undirbúa stofnun þróunarfélags um verkefnið.
- Gera tillögu að samkomulagi um fjármögnun „höfuðborgarpakkans“ til næstu 15 ára þar sem fram komi skipting fjármögnunar á milli eftirfarandi leiða:
 - Árlegt framlag á fjárlögum til samgönguáætlunar.

- Árlegt framlag frá þróunarfélagi.
- Árlegt framlag aðildarsveitarfélaga Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Tekna af umferðargjöldum (sértækum veggjöldum)
- Tekna af innviðagjöldum

Gert er ráð fyrir að sértæk veggjöld á höfuðborgarsvæðinu verði tekin upp til að fjármagna framkvæmdir og til að dreifa og draga úr bílaumferð, útblæstri og mengun frá umferð, einkum á álagstínum, og stuðla þannig að því að loftslags- og loftgæðamarkmið ríkis og sveitarfélaga náist. Þá miði útfærslan að því að styðja við breyttar ferðavenjur, til og frá vinnu, á háannatímum. Umferðargjaldatekjur fari í að fjármagna alla samgöngumáta, verði ekki eyrnamerkar einstaka framkvæmdum og renni til verkefna innan höfuðborgarsvæðisins.

Skipan stýrihóps:

Viðræður um uppyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033 fara fram í umboði þriggja ráðherra, forsætis-, samgöngu- og fjármálaráðherra og stjórn samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Stýrihópurinn er skipaður af ráðherrunum þremur, formanni og varaformanni stjórnar SSH og borgarstjóra Reykjavíkur.

Starfshópurinn er skipaður einum fulltrúa frá forsætisráðherra, einum fulltrúa frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og einum fulltrúa frá fjármála- og efnahagsráðherra og þremur fulltrúum frá Samtökum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk hans er að fjalla um mismunandi leiðir, valkosti og lausnir í viðræðunum, vinna drög að samningi og nauðsynlegri umgjörð um verkefnið til framtíðar sem lagðar verði fyrir aðila verkefnisins til samþykktar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Skoðaðar verði fyrirmyn dir á borð við Osló á bestu leiðum við að innleiða sértæk veggjöld og ráðstafa tekjum til bættra samgangna.

Starfstímabil:

Hópurinn skal skila tillögum fyrir lok maí 2019.

Reykjavík, 12. apríl 2019



Katrín Jakobsdóttir



Sigurður Ingi Jóhannsson